



*Haustréf
2025*

*Félag kvenna í fræðslustörfum á
Íslandi*

Jól

Nú ríkir friður í fagnandi hjörtum.
Frelsarinn er okkur vinur kær.
Ljómar af ljósunum blikandi björtum.
Betlehemsstjarnan svo undraskær.
Friðarins sól verndi byggðir og ból.
Biðjum þig faðir um gleðileg jól.

Myrkur þó oft sé á veraldarvegi,
Vakir samt gleðin – í hjarta þér.
Fréttir þær gerðu að dásemdardegi
Messías – fæddur er.
Konungur lífsins vor sígilda sól.
Sameinuð höldum við gleðileg jól.

Lag og ljóð:

*Guðrún Sigríður Bjarnadóttir húsfreyja
og organisti á Fáskrúðsfirði.
5. apríl 1913 - 15. feb. 2005*

Dimmu í skammdegi ávallt mun skína
Skærasta ljósið í – heimi hér.
Þökk fyrir Guð faðir, gæskuna þína,
Gleyma ei megum að – treysta þér.
Þú gafst það ljósið, er fórn í sér fól.
Frelsarann góða, því höldum við jól.

Englanna raddir í hugunum hljóma,
Hamingju mönnum – boða þær.
Lofgjörðarsöngvar því alls staðar óma,
öllum er gleðinnar – hátíð kær.
Friðarins sól verndi byggðir og ból.
Biðjum þig faðir um gleðileg jól.





Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG góðrar aðventu og gleðilegra jóla

Haustfréttabréf þetta er fyrsta fréttabréf nýrrar samskipta- og útgáfunefndar. Það var mjög ánægjulegt að lesa yfir allt efnið sem okkur barst og þökkum við fyrir það. Greinilegt er að mjög öflugt starf er í deildum DKG um allt land, mikil fjölbreytni og hugmyndaríki.



Eydís Katla Guðmundsdóttir formaður

Ásborg Arnþórsdóttir

Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir





Jólaandinn

Ég er að reyna að komast ekki of snemma í jólaskap, veit sem er að ef ég byrja að stússast í föndri eða hlusta á jólalögin strax í nóvember þá er hættu á að stemningin verði að mestu horfin þegar jólin loksins koma. Fyrir mér er helgi jólanna algjörlega einstök og ekkert sem kemur í staðinn fyrir hinn sanna jólaanda. Það er engin önnur tilfinning í mínu hjarta sem kemst í líkingu við hann.



En það þurfa nokkrir samverkandi þættir að koma saman svo hinn rétti jólaandi sýni sig. Ég þarf að hafa lokið ákveðnum verkefnum, vera með rétta fólkið í kringum mig og eiga rétta matinn. Skrautið skiptir mig minna máli eftir því sem árin færast yfir en sumt jóladótið mitt kveikir samt á dýrmætum minningum sem ylja og verða partur af jólaandanum.

Það getur verið svo dýrmætt að safna minningum í gegnum ákveðna hluti. Minningum um þann sem gaf manni hlutinn eða atburði honum tengda. Ákveðinn ljómi safnast í kringum sumar minningar og þær verða með tímanum sagan mín. Sagan sem ég segi börnunum mínum og barnabörnum og sagan sem gerir mig að þeirri manneskju sem ég er.

Ég man hvað ég var hissa fyrst þegar ég heyrði af fólki sem skreytti jólatréð sitt í upphafi aðventu. Þeim fannst svo dásamlegt að njóta þess alla aðventuna að hafa jólatréð og ljósin uppi, óþarfi að bíða eftir Þorláksmessu með þennan merkisatburð. Ég bara skildi þetta ekki, og geri reyndar ekki enn. Er bara hægt að breyta svona sterkum hefðum eins og að skreyta tréð 1. desember í staðinn fyrir 23. desember? Þetta sama fólk var svo reyndar orðið leitt á trénu sínu og öllu skrautinu þegar loksins kom að jólum, þannig að þau tóku allt niður á annan í jólum. Pökkuðu jólunum í kassa og settu upp á loft, löngu áður en jólin voru búin.

Þegar ég var að alast upp hófst jólavertíðin í byrjun desember með því að rafknúinn jólasveinn birtist í glugga Rammagerðarinnar í Reykjavík. Smátt og smátt jókst álagið á húsmæður landsins eftir því sem leið á mánuðinn. Það þurfti að baka 7-10 sortir af smákökum, lagtertur og laufabrauð. Allt geymt til jólanna.

Svo þurfti að skrifa 75-90 jólakort, mögulega föndra þau sjálf, taka myndir af krökkunum og láta framkalla í jafnmiklu magni og senda með. Hver krókur og kimi heimilisins gekkst undir hreingerningu eins og verið væri að afhenda húsið við sölu. Jafnvel málað og lagfært eitthvað sem lengi hafði staðið til að gera, alltaf góð hugmynd að gera það fyrir jólin.



Síðan þegar árin liðu og ég var orðin móðir þriggja barna, fóru að bætast við allskonar uppákomur í desember. Tónleikar, jólaföndur, bekkjarkvöld hjá krökkunum, jólasýningar í íþróttunum og jólamót. Piparkökuskreytingar, vasaljósaferðir, jólahlaðborð með vinnunni og mögulega jólaglögg líka. Allt í einu var orðið svo mikið að gera að sumir voru að drukkna í alls konar viðburðum sem tengdust því ekki beint að undirbúa jólin sín heima, með sínum nánustu.

Til að minnka álagið var kannski bara best að byrja fyrr að undirbúa, fremur en að sleppa einhverju. Vera búinn að kaupa allar jólagjafirnar í september, baka smákökurnar í nóvember og borða þær á aðventunni til að njóta lengur. Að sama skapi að fara á fyrstu jólatónleikana og jólahlaðborðin í nóvember. Svo gott að vera búin að þessu til að geta notið einhvers annars í desember. En streitan minnkaði ekki, það var bara meira að gera og í lengri tíma. Jólastermningin þynntist út og var jafnvel víðsfjarri þegar hátíðin loks gekk í garð. Jólaundirbúningurinn og jólaandinn fóru einhvern veginn út af heimilinu og varð eftir úti bæ.

Ég komst að því að jólin mín snúast ekki um þetta. Það er fínt að gefa sér tíma til að undirbúa jólin og gaman að upplifa alls konar viðburði og taka þátt í hinu og þessu tengdu jólum. En það er algjör óþarfi að taka þátt í öllu og ég missi ekki af jólinum þó ég fari ekki á tónleika eða jólahlaðborð eða nái að mæta á tilboðskvöld hér og þar allt haustið.

Jólaandinn minn kemur með nokkrum ómissandi hefðum á Þorláksmessu, heimsókn góðra vina á aðfangadag, jólaklukkunum og messunni kl.18 og kyrrðinni með mínum nánustu þegar við minnumst þess hvers vegna við höldum jólin. Undirbúningurinn og aðdragandinn fyrir fæðingarhátíð frelsarans sem kom í heiminn og sameinar hugi okkar kristinna manna á jólum. Hægt og rólega hefur eftirvæntingin eftir jólanóttinni verið að byggjast upp innra með mér og nær hámarki þegar ég er umvafin mínum nánustu, hlusta á guðspjallið og tendra jólaljósín á trénu. Þá eru jólin mín komin.

Gleðilega aðventu,

Margrét Steinunn Guðjónsdóttir, djákni og sálgætir





Fréttir frá stjórn landssambands Delta Kappa Gamma



Kæru Delta Kappa Gamma systur. Ný stjórn DKG á Íslandi tók við sl. sumar og hafa fyrstu mánuðirnir verið afar viðburðaríkir og skemmtilegir. Fráfarandi forseti Árný Elíasdóttir fylgdi nýrri stjórn úr hlaði sem er ómetanlegt þegar tekið er við svo mikilvægu verkefni. Stjórnin fundar mánaðarlega á TEAMS þar sem fulltrúarnir koma frá deildum vítt og breytt um landið, sem er ákaflega gott fyrirkomulag:

Hrund Logadóttir, landsforseti, Alfadeild

Vilborg Ása Bjarnadóttir, 1. varaforseti, lotadeild

Hólmfríður Árnadóttir, 2. varaforseti, þetadeild

Ingileif Ástvaldsdóttir, ritari, Mýdeild

Sigríður Heiða Bragadóttir, meðstjórnandi, Etadeild Gjaldkeri stjórnar
er Lee Ann Maginnis, Nýdeild.

Að loknu landssambandsþingi í maí í vor settust nýjar stjórnarkonur saman yfir kaffibolla með fráfarandi forseta. Umræðuefnið var námskeið fyrir nýjar landsstjórnir hjá alþjóða-samtökunum í New Orleans í Bandaríkjunum. Heimild var til hjá alþjóðasamtökunum að senda 5 stjórnarkonur á námskeiðið. Ákveðið var að nýta þá heimild til fulls og héldu 5 stjórnarkonur til New Orleans í lok júlí. Á námskeiðinu var mikið fjallað um leiðtogafærni og var áherslan á að um væri að ræða teymisvinnu þar sem unnið væri af öryggi, góðvild og tekist á við verkefni af þrautseigju. Segja má að þessi ferð stjórnar hafi einmitt þjappað stjórninni saman í öflugt og traust teymi. Á námskeiðinu var sett það markmið að fjölga félögum í Alþjóðasambandinu um 100 félaga fyrir 2029 en þá eiga alþjóðasamtökin 100 ára afmæli. Evrópuhópurinn undir stjórn Marie Antoinette Evrópu forseta ákvað í kjölfarið að stefna að fjölgun félaga í Evrópu einni um 100 félaga á sama tímabili. Gangi það eftir vonumst við til að snúa þeirri þróun



við sem við höfum verið að sjá í Evrópu varðandi fækkun deilda og félagskvenna í flestum löndum Evrópu.

Í lok ágúst kom framkvæmdaráð DKG á Íslandi saman til fundar og var unnið að framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2025-2027 en framkvæmdaáætlunin byggir á langtímaáætlun sem unnin var 2021 og gildir til 2031. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðunni og eru deildirnar hvattar til að kynna sér hana vel. Í framkvæmdaráætlun þessa tímabils er m.a. lögð áhersla á:

- Eflingu félagskvenna til að koma þekkingu sinni á framfæri, stuðla að virkni þeirra og fjölgun og hvetja til þátttöku á ráðstefnum innan- og utlands.
- Deildirnar haldi sameiginlega fund þar sem félagskonur annast fræðslu, þær hvattar til að sækja fundi hjá öðrum deildum og til að taka þátt í starfi á alþjóðavísu s.s. í nefndum.
- Deildirnar skipuleggi og bjóði til kynningarfunda á samtökunum t.d. fyrir áhugasamar konur í fræðslustörfum, stjórnendur og starfsfólk fræðslustofnana.
- Fundir deilda og fundarefni séu birtir á viðburðadagatali á heimasíðu dkg.is svo félagskonur geti fylgst með og óskað eftir að koma sem gestir á fræðslu í deildunum.



*Stjórnarkonur á námskeiði fyrir nýjar landstjórnir í
New Orleans í sumar*



Delta Kappa Gamma á Íslandi fagnaði 50 ára afmæli á þessu ári en fyrsta deild samtakanna, Alfadeild, var stofnuð 7. nóvember fyrir 50 árum. DKG konur hafa gert ýmislegt í tilefni af afmælinu.

Bæði á landsvísu og í deildunum. Afmælisárið hefur því verið viðburðaríkt og fullt af hugmyndaauði. Afmælisins var minnst á landssambandsþingi í vor sem lauk með veglegri hátíðardagskrá á Hótel Reykjavík Grand. Þar var Alfa systir okkar Sigrún Klara heiðruð en hún hefur verið Delta Kappa Gamma systir frá upphafi samtakanna á Íslandi.

Í tilefni 50 áranna var ákveðið að samtökin myndu taka saman og gefa út afmælisrit. Vinnsla þess er nú á lokametrinum og mikið tilhlökkunarefni að fá það í hendurnar. Afmælisritið sem prentað verður í takmörkuðu upplagi, verður einnig aðgengilegt á heimasíðunni okkar. Í ritstjórn áttu sæti Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild, Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild og Pernilla Rein Lotadeild. Auk þess vann Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir í Alfadeild mikið og óeigingjarnt starf fyrir ritstjórnina.

Deildirnar hafa einnig verið hvattar til að minnast afmælisins, bæði með viðburðum í nærumhverfi sínu og fjáröflun til styrktar góðra málefna en landssamtökin ákváðu að styrkja Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar veglega á afmælisárinu.

Sem dæmi um atburði sem deildirnar efndu til má nefna málþing Epsilondeildar 30. ágúst sl. í Fjölbautarskóla Suðurlands á Selfossi sem var öllum opið. Umfjöllunarefnið var „Lykill að líðan barna og unglunga“. Meðal annars hélt frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands ákaflega hvetjandi erindi um tilurð Riddara Kærleikans og hvernig sú hugmynd hefur þróast áfram.



Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands talar á málþingi Epsilondeildar



Alfadeild hélt veglegan hátíðarfund á sjálfan afmælisdaginn á Hótel Holti, en með henni hófst þetta ævintýri hér á Íslandi. Mý- og Betadeild efndu svo til notalegs hittings á Akureyri 8. nóvember þar sem þær buðu upp á mjög metnaðarfulla dagskrá.



Notalegur hittingur á Akureyri hjá Mý- og Betadeild


Fyrsta markmið samtakanna okkar er að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum og fræðslustörfum víðsvegar í heiminum. Þar skiptir miklu máli að efla persónulegan og faglegan þroska og sjálfsöryggi kvenna en sú vinna á sér ekki síst stað í deildarstarfinu, þar sem grasrótastarfið á sér stað. Takist okkur vel upp að fá ungar konur í samtökin okkar, stuðla að eflingu þeirra getum við eflt þátttöku okkar í alþjóðlega starfinu. DKG konur sem voru brautryðjendur í stofnun samtakanna á Íslandi áttu margar mjög merkan þátt í alþjóðlegu samtökunum.

Orð ungrar stúlku um fjölbreytileikann á málþingi Epsilon höfðu mikil áhrif á mig. Hún talaði um þær hættur sem steðja að ungu fólki í dag í gegnum samskiptamiðla þar sem reynt er að smætta ungt fólk inn í ákveðna og þrönga staðalímynd. Hún talaði um hve alvarlegt það getur verið þegar ungt fólk sem er að undirbúa sig undir lífið fer að hræðast fjölbreytileikann, neita sér um fjölbreytileikann.

Við höfum þegar aukið fjölbreytileika innan samtakanna hvað varðar fræðslustörf en áhugavert er að skoða einnig hvað fleira getur falist í fjölbreytileika s.s. konur í fræðslustörfum af erlendum uppruna. Við þurfum líka að vera vakandi fyrir því að með auknum fjölbreytileika þurfum við að huga að inngildingu, að hver einasta Delta Kappa Gamma kona finni sig tilheyrast í samtökunum, hún sé verð



mætur og gildur félagi sem hefur vægi og virðingu í sinni deild. Þannig ræktum við einkunnarorð okkar sem okkur þykir öllum svo vænt um vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.



Stjórn Alfadeildar ásamt landsforseta á hátíðarfundum á Hótel Holti

Í lokin vil ég ítreka að grasrótarstarfið á sér stað í deildunum okkar þar sem við vinnum að því að efla félagskonur og þeirra persónulega og faglega þroska svo samtökin okkar geti blómstrað á alþjóðavísu menntun kvenna og samfélögum til heilla. Gangi þetta eftir er framundan mikil gróska í samtökunum okkar og tel ég að framtíð samtakanna okkar sé björt, bæði á Íslandi og alþjóðlega.

Hrund Logadóttir, landsforseti 2025 – 2027





Alfa

Þriðji félagsfundur ársins 2025 var haldinn í Smiðjunni, skrifstofubyggingu Alþingis 8. september og hófst kl. 14.00. Fimmtán konur mættu á fundinn.

Á móti hópnum tóku þeir Arnór Steinn Ívarsson og Þorleifur Örn Gunnarsson. Báðir eru þeir fræðslu- og upplýsingafulltrúar Alþingis. Þeir fóru yfir sögu svæðisins sem Smiðjan er byggð á og þróunarvinnu í kringum byggingu hússins. Áhugavert var að heyra um nýtingu íslensks efnis og áherslu á sjálfbærni. Einnig eru undir húsinu mannvistarleifar frá landnámsstíð sem fengu að halda sér og minna á forna tíma. Ýmsir munir sem fundust við uppgröft á svæðinu eru til sýnis í glerboxum innanhúss.

Í húsinu er sýning á skjölum frá því valdið færðist frá Danaveldi og yfir til Íslands 1874, skjöl sem sýna starfsfólk og starfsheiti og ýmis skjöl tengd starfsemi Alþingis á þeim tíma. Farið var gegnum alrýmið, fundarherbergi nefnda og ráðstefnusal. Arnór og Þorfinnur fóru yfir skipulag hússins og fyrirkomulag heildarstarfseminnar. Byggingin hýsir fastanefndir þingsins þar sem þekking á málefnasviðum er til staðar. Sú þekking ásamt umsögnum og ábendingum almennings og hagaðila mótar efnivið lagafrumvarpa með tækjum og tólum sérfræðinga til að skila góðu



Alfakonur í Smiðjunni

dagsverki landi og lýð til heilla. Ekki gafst færi á að skoða skrifstofur þingmanna því setja átti þingið daginn eftir og því ekki möguleiki á að sjá þær vistarverur.

Smiðjan er fallegt og smekklegt húsnæði og nutu Alfakonur þessu að ganga um húsið. Loftið á jarðhæðinni er einstaklega áhugavert og minnir á flækjur, vonandi samt ekki lagaflækjur. Heimsókninni lauk um klukkan 15.00 og voru Arnóri og Þorleifi færðar þakkir fyrir áhugaverða kynningu og formaður afhenti þeim rauðu rósina sem þakklætisvott.

Nokkrar Alfakonur fengu sér svo kaffisopa yfir óformlegu spjalli á Parliament Hotel í grennd við Smiðjuna eftir fund. Átta ungum konum hefur verið boðið að ganga til liðs við Alfadeildina og var ánægjulegt að nokkrar þeirra mættu á fundinn í Smiðjunni.



Fjórði félagsfundur ársins 2025 var haldinn hjá Icelandair og hófst kl. 16.00. 18 félagskonur mættu á fundinn og tveir nýliðar. Þar tóku á móti okkur Bogi Nils Bogason forstjóri félagsins og Addý Ólafsdóttir á markaðs- og kynningarsviði. Kaffi og sætir bitar voru í boði Icelandair og vakti það einróma lukku félagskvenna. Málfríður formaður Alfadeildar hóf fundinn með stuttu ávarpi og bauð í kjölfarið Krístrúnu Sigurðardóttur að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Að því loknu kynntu Bogi Nils og Addý félagið með áhugaverðri glærukynningu, þar sem m.a. var farið yfir endurnýjun flugflotans og ýmislegt fleira um rekstur félagsins.



Í húsakynnum Icelandair

Næst mættu til leiks Haukur Gunnarsson, Þorsteinn Schweitz Þorsteinsson auk Sigrúnar Kolsöe, sem öll starfa við þjálfunarsetur Icelandair. Premenningarnir buðu félagskonum í skoðunarferð um húsakynni

Icelandair. Skoðunin var sannkölluð ævintýraferð með viðkomu á fjölmörgum stöðum í glæsilegu húsi Icelandair við Flugvelli í Hafnarfirði. Það bar hæst skoðun á æfingarými starfsmanna í eftirlíkingu Airbus flugvélar og flughermar félagsins. Heimsóknin dróst þó nokkuð á langinn, öllum til gleði og ljóst að heimsóknin hefur frekar ýtt undir ferðalög Alfakvenna.

Að lokinni skoðunarferð þakkaði formaður fulltrúum Icelandair fyrir góðar móttökur og frábærar kynningar. Formaður afhenti þeim öllum rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag.



Fimmti félagsfundur ársins 2025 var haldinn í tilefni af 50 ára afmæli Alfa deildar DKG.

Viðburðurinn var þriggja rétta hátíðarkvöldverður og skemmtun sem fór fram



á Hótel Holti kl. 18.30-22.30. 23 félagskonur mættu á fundinn og tveir nýliðar.

Málfríður formaður Alfa deildar hóf fundinn með stuttu ávarpi og bauð í kjölfarið Dr. Sigrúnu Klöru Hannesdóttur að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Sigrún er ein eftir í deildinni af þeim 18 frumkvöðlum sem stofnuðu Alfa deildina á sínum tíma.



Kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi

Að því loknu tók Jóna Benediktsdóttir við fundarstjórn og flutti stutt ávarp. Í kjölfarið var forréttur borinn fram. Orð til umhugsunar voru á sínum stað og Hrefna Pálsdóttir réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og hélt áhrifaríkt erindi um samkennd ungu kynslóðarinnar og hvatti til samveru og minni skjánotkunar. Að því loknu var aðalréttur

borinn á borð og var það dýrindis íslenskt lambakjöt með tilheyrandi meðlæti.



Jóna hélt mörg styttri skemmtierindi milli atriða þar sem hún lagði sérstaka áherslu á bókina *Sagði Mamma* í þýðingu Aðalsteins Ásbergs, félagskonum til skemmtunar. Hrund Logadóttir hélt hátíðarræðu um mikilvægi þess að virkja samtakamátt kvenna og að öllum konum finnist þær tilheyra. Í kjölfarið fór fram heiðrun félagskvenna sem hafa verið félagar í a.m.k. 40 ár.

Þann heiður hlutu þær Sjöfn Sigurbjörnsdóttir og Sólrún Jensdóttir. Sólrún gat því miður ekki verið með á hátíðarkvöldinu.

Að loknum eftirrætti hófst útdráttur happdrættis. Félagskonur mættu með gjafir og keyptu einnig miða, en ákveðið hafði verið að láta ágóðann renna til Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar. Næst til leiks mætti leyniatriði stjórnar, en það var sjálfur Elvis



Iceland sem kom syngjandi til leiks félagskonum til mikillar gleði og skemmtunar. Eftir að Elvis kvaddi hópinn var happdrættið klárað. Margar félagssystur fóru sigurvissar heim með fullan poka af skemmtilegum og góðum gjöfum.

Þá var orðið áliðið og tilraun stjórnar til þess að koma á fjöldasöng að þessu loknu fór að nokkru forgörðum en þó voru tekin þrjú lög. Málfríður sagði nokkur orð til þess að þakka þátttakendum í dagskránni fyrir góð störf og afhenti þeim öllum rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag. Formaður upplýsti jafnframt hópinn um að 90.000 kr. hefðu safnast í happdrættinu og sá peningur yrði afhentur Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar á komandi dögum.

Framundan er sjötti félagsfundur deildarinnar, jólafundurinn þann 6. desember n.k. Við Alfakonur óskum systurum okkar í öðrum deildum gleðilegrar aðventu og hátíðar ljóss og friðar.

Málfríður Þórarinsdóttir formaður





Beta

Þegar Fréttabréfið okkar kom út sl. vor hafði lokafundur Betadeildar starfsárið 2024-2025 ekki farið fram en hann var haldinn á heimili Sigríðar Magnúsdóttur Betasystur þriðjudaginn 3. júní. Eins og venja er á lokafundi var litið um öxl og rifjað upp það helsta úr starfi vetrarins. 50 ára afmæli DKG á Íslandi hefur verið ofarlega á baugi þennan veturinn og Betakonur verið uppteknar við að leita í minningabankann og skerpa á hinum ýmsu atriðum í starfi deildarinnar í gegnum árin. Meðal annars höfum við reynt að finna út með óyggjandi hætti hverjar voru stofnfélagar deildarinnar, en án árangurs. Þar sem fyrsta fundargerðabók deildarinnar er glötuð munum við sennilega þurfa að að gefa upp á bátinn að komast að því. Eftir notalega samveru á heimili Sigríðar þar sem deildin bauð upp á léttar veitingar, var haldið á veitingastaðinn Eyja - vinstofa þar sem við áttum pantaðan kvöldverð fyrir hópinn. Að loknum dýrindis málsverði héldu Betasystur glaðar út í sumarið.

Vetrarstarf deildarinnar hófst svo með „haustferð“ mánudaginn 8. september en það er orðin hefð í Betadeild að fara saman í smá ferðalag sem markar upphaf vetrarstarfsins. Það hafði staðið til í einhver ár að halda haustfund í

bústað Ernu Gunnarsdóttur Betasystur og nú var þessi draumur orðinn að veruleika.

Erna og Gunnar eigenmaður hennar buðu okkur í heimsókn í sumarbústað sinn. Þau eru eigendur rútufyrirtækis og af rausnarskap sínum buðu þau hjón okkur ókeypis rútuférfé á staðinn og lögðum við 16 Betasystur af stað frá bílastæði Verkmenntaskólans kl. 16.30 undir leiðsögn Ernu. Ekið var sem leið liggur að sumarbústaðnum, sem stendur nálægt dalmótum Fnjóskadals og Bleiksmýrardals. Ákaflega falleg leið. Ekki var um formlegan deildarfund að ræða og því ekki föst dagskrá. Engu að síður var tillaga að vetrardagskránni sem stjórnin hafði sett saman, kynnt fyrir hópnum. Að því loknu gæddu Betasystur sér á ljúffengri kjúklingasúpu ásamt ýmsu meðlæti. Töluverð rigning varð þess valdandi að Betasystur sátu sem fastast innandyr og gerðu ekki tilraunir til útivistar sem þó hafði verið ætlunin.



Betakonur gæða sér á súpu í haustferðinni



Þar sem ekki var hægt að vera mikið útivið tók Erna okkur í skemmtilegan leik sem fólst í því að hún hafði beðið okkur fyrir ferðina að tilnefna eitt lag sem við (og makar okkar) ættum góðar minningar um. Hún spilaði síðan hluta af laginu og við útskýrðum hvaða minningar voru því tengdar. Þetta vakti mikla lukku og hljómuðu þar margir gullmolar og skemmtilegar sögur fylgdu hverju lagi. Að þessu loknu buðu þau Erna og Gunnar upp á svokallað „fjallaskálakakó“ sem var vel þegið og gaf hlýju í kroppinn. Eftir gott spjall Betasystra yfir kakóinu voru þeim hjónum þakkaðar höfðinglegar móttökur og haldið heim klukkan rúmlega 20:00 eftir ljúfa samverustund.



Frá fundi í Glerárskóla

Fyrsti formlegi fundur vetrarstarfsins var svo haldinn í Glerárskóla fimmtudaginn 23. október. Í tilefni fundarstaðarins í Glerárskóla las Minnie ljóð eftir skáldið Jónas Þorbjarnarson, sem ólst upp í Glerárhverfi. Jónas fæddist árið 1960 og lést 2012 af slysförum. Eftir hann liggja meðal annars nokkrar ljóðabækur og hann hlaut ýmis

verðlaun fyrir bækur sínar, sem líka hafa verið þýddar á erlend tungumál.

Við fengum góðan gest á fundinn sem var Vera Kristjánsdóttir aðjúnt í viðskiptadeild Háskólans á Akureyri. Hún sagði frá rannsókn sinni á munnlegu námsmati sem staðið hefur síðastliðin tvö ár. Vera rifjaði upp að áður fyrr hefði munnlegt námsmat oft tíðkast í háskólum, en síðan nánast dottið úr tísku. Hún sagðist sjálf hafa notað fjölbreytt námsmat, en árum saman hefði það allt verið skriflegt, sem ekki hentar endilega öllum. Hún taldi að munnlegt námsmat gæti stuðlað að virkni nemenda og þjálfað mikilvæga færni, svo hún innleiddi munnleg próf í námskeiðinu Neytendahegðun. Í ljós kom að framkvæmd prófanna var nokkuð tímafrek, en prófin voru haldin á Zoom með prófdómara. Í könnun sem lögð var fyrir nemendur eftir prófin kom í ljós að meirihluti þeirra hafði ekki fyrri reynslu af munnlegum prófum og margir upplifðu meira stress fyrir prófið. Flestum leið þó vel í prófinu og sumir töldu að samtalið hefði á vissan hátt kallað fram þekkinguna þó líka væri meiri pressa á að svara hiklaust. Eftir prófið sagðist meirihluti nemenda myndu velja munnlegt próf fram yfir skriflegt, ef það byðist. Vera sagði að meðaleinkunn hefði hækkað eftir að munnlegu prófin voru tekin upp og hún taldi



vera vegna þess að nemendur lærðu öðruvísi og legðu öðruvísi á sig þegar þeir undirbjuggu sig fyrir munnlegt próf. Almennt taldi hún munnlegu prófin, með kostum og göllum, hafa haft jákvæð áhrif fyrir nemendur og kennara

Síðast en ekki síst stóðum við í Betadeild ásamt systurum okkar í Mýdeild fyrir afmælisfögnuði þann 8. nóvember síðastliðinn í tilefni af 50 ára afmæli samtakanna. Við buðum öllum konum í fræðslustörfum að taka þátt og hlýða á erindi um fræðslumál, njóta góðra veitinga og samveru. Nánar um það í sérstökum pistli hér í fréttabréfinu.

Næsti fundur Betadeildar er svo jólafundurinn sem áformað er að halda 27. nóvember. Fundurinn verður haldinn á Múlabergi sem er veitingastaður í hjarta bæjarins. Boðið verður upp á jólalega smárétti ásamt dagskrá með jólalegu ívafi.

Að lokum óskum við öllum félagskonum gleðilegra jóla með von um gæfuríkt nýtt ár.

*F.h. stjórnar, Eygló Björnsdóttir formaður
Betadeildar*





Gamma

Fyrsti haustfundur Gamma deildar var haldinn í Núvitundarsetrinu 8. september. Eftir hefðbundna setningu fundar voru fjórar Gammasystur með örkyningu, en þá segja þær í stuttu máli (5 mín) frá einhverju varðandi líf sitt eða starf sem þær langar að deila með deildarsysturum. Við ákváðum í fyrrahaust að hafa slíkar örkyningar í stað „orð til umhugsunar“ en markmiðið er að efla tengslin og kynnast betur. Þessar örkyningar hafa mælst mjög vel fyrir og frábært hve ólík nálgun er í þeim og svo sannarlega felast í þeim orð til umhugsunar.

Bryndís Jóna kynnti síðan yfirskrift vetrarins sem er *Menntun á fjölbreyttum vettvangi* og sagði frá dagskrá haustsins og haustfundi framkvæmdaráðsfundi DKG. Þá voru konur hvattar til að kynna sér og taka þátt í starfi DKG á landsvísu sem og á alþjóðavísu. Þrjár Gamma konur fóru á Evrópuráðstefnuna í Brighton í sumar, Ingibjörg Jónasdóttir, Ása Valgerður Sigurðardóttir og Bryndís Jóna Jónsdóttir, sem var ein af aðalfyrirlesurum á ráðstefnunni. Þá tók Bryndís Jóna við formennsku í menntamálanefnd DKG á Íslandi á nýliðnu hausti og Ragný Þóra Guðjohnsen við formennsku í laganefnd DKG.



Gamma systur fjölmenntu að venju á Núvitundarsetrið

Undirbúningsnefnd um fyrirhugað samfélagsverkefni Gammadeildar sem verður fimmtudaginn 27. nóvember í Safnahúsi Listasafns Íslands. Þá ætla Gammakonur að safna fyrir Menntasjóð Mæðrastyksnefndar og er undirbúningur kominn á fullt fyrir þann viðburð. Boðið verður uppá tónlistaratriði, samsöng og kynningu á starfi Mæðrastyksnefndar og þeirra Menntasjóðs ásamt gómsætum veitingum að hætti Gamma systra. Undirbúningsnefndina skipa þær Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir og Svana Friðriksdóttir.

Aðalerindi fundarins hélt Soffía Vagnsdóttir, innri friðarsinni og Kappakona. Erindi bar heitið *Löngunin til að lifa innihaldsríku lífi*. Hún bað konur að fara í símann sinn og finna myndir frá sumrinu sem eru tákn fyrir gleði, vináttu og þögn. Hún benti okkur á mikilvægi þess að



beina sjónum að gleðinni, því sem er gott og fallegt.

Að átta stoðir gleðinnar væru; sjónarhorn, auðmýkt, kímni, umburðarlyndi, fyrirgefning, þakklæti, samhygð og örlæti. Hún ráðlagði nokkrar góðar bækur, hlaðvörp og fleira fræðsluefni og loks var lagið *Gull og perlu* sungið saman. Rætt var m.a. um vináttuna og hversu æskuvínáttan væri mikilvæg.

Annar fundur haustsins var 21. október en þá hittumst við í nýjum húsakynnum Menntavísindasviðs (MVS) Háskóla Íslands á Sögu. Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, forseti MVS tók á móti okkur og sagði okkur frá aðdraganda og flutningunum á Sögu, áskorunum og nýjum tækifærum á nýjum stað. Þá var gengið um þetta glæsilega og glænýja húsnæði og það skoðað. Að lokinni skoðunarferð gæddum við okkur á veitingum sem komu úr smiðju Gammasysstra um leið og við hlýddum á þrjú örerindi frá félagskonum. Rætt var um samfélagsverkefnið og skipulag þess. Loks var spjalla saman um heima og geima áður en haldið var út í náttmyrkrið sem umlukti Sögu á þessu fallega vetrarkvöldi.



Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs tók á móti okkur á Sögu

Næst á dagskránni hjá Gammadeild er svo samfélagsviðburðurinn sem verður eins og áður segir í lok nóvember og erum við spenntar að hittast í Safnahúsinu og láta gott af okkur leiða. Síðasti fundur haustannar verður svo jólafundurinn fimmtudaginn 4. desember. Þá býður Ragný Þóra Guðjohnsen okkur heim líkt og í fyrra og rithöfundurinn Sigríður Hagalín Björnsdóttir kemur og segir okkur frá nýjustu bók sinni *Vegur allrar veraldar*, sem er sjálfstætt framhald *Hamingju* þessa heims. Við munum að sjálfsögðu allar klæðast einhverju rauðu og eigum notalega kvöldstund í vændum.

Með kærri Gammakveðju til allra DKG systra með góðum óskum um grósku og gleði á komandi misserum,

Bryndís Jóna Jónsdóttir, formaður Gamma deilda



Delta

Starfssvæði Deltadeildar er Vesturland. Félagskonur eru búsettar á Akranesi og í Borgarbyggð. Einnig eru nokkrar konur fluttar á höfuðborgarsvæðið og sækja fundi hjá Deltadeild.

Starfsemi Deltadeildar veturinn 2025-2026 hófst með stjórnarfundum um miðjan september. Lögð voru drög að skipulagi funda vetrarins. Á haustönn er gert ráð fyrir tveim fundum, í október og desember.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Englendingavík í Borgarnesi 1. október 2025 kl. 17:30. Theodóra Þorsteinsdóttir formaður setti fundinn og Guðlaug Sverrisdóttir kveikti á kertunum. Þessi fundur var gestafundur og félagskonur og gestirnir kynntu sig, nöfn, menntun og sögu í deildinni, þar sem það átti við.

Ásta Egilsdóttir vefstjórinn okkar sagði frá framkvæmdaráðsfundi sem hún sótti fyrir hönd deildarinnar. Þar var margt afar áhugavert og má lesa nánar um á vef samtakanna. Að því loknu var borinn fram matur: kjúklingaréttur og svo súkkulaðiterta í eftirrétt.



Ásta Egilsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir fengu rós, þar sem þær mættu á alla fundi og viðburði DKG síðastliðinn vetur.



Sigurveig með orð til umhugsunar



Theodóra kynnti drög að dagskrá Deltadeilda
veturinn 2025-2026, það sem við stefnum á að
gera í vetur er:

Gestafundur í október, á jólafundinum stefnum við
á heimsækja Deltakonu í Garðabænum og
fá söngkonu til að segja frá sér og syngja fyrir okkur.

Eftir áramótin er stefnt á heimsókn í Safnahúsið í
Borgarnesi, funda síðan á Akranesi í byrjun mars og á
vorfundinum heimsækja Samband sveitarfélaga á
Vesturlandi (SSV) sem staðsett er í Borgarnesi og halda þar
jafnframt aðalfund.

Sigurveig Sigurðardóttir var með Orð til umhugsunar og
fjallaði um ófriðarástand í heiminum, vaxandi öfgar, skil milli
kynslóða í skoðunum og skoðanamyndun og hlutverk fræðslu
í því sambandi.

Theodóra Þorsteinsdóttir
formaður Deltadeildar





Epsilon

Vetrarstarfið hjá Epsilondeild DKG hófst á ný þegar systur komu saman á fyrsta fundi sínum í Fjölbautaskóla Suðurlands 24. september. Margrét Guðmundsdóttir formaður deildarinnar bauð konurnar velkomnar til starfa eftir gott sumarfrí.

Guðrún Sigríks Sigurðardóttir var með Orð til umhugsunar þar sem hún talaði fallega um vináttuna, þessa ósýnilegu en sterku bönd sem tengja konur saman. Hún hvatti systur til að efla þessa vináttu og líta til þess hvernig þær sjálfar geti verið öðrum góðar vinkonur. Guðrún sagði jafnframt frá því hvernig hún nýtti gervigreind við undirbúning ræðunnar og hvatti konur til að skoða tækifærin sem slík tækni býður upp á en þó með gagnrýnu auga.

Margrét fór síðan yfir fyrirhugaða fundi deildarinnar og tilkynnti að Epsilondeild hefði fengið það verkefni að taka að sér samskipta- og útgáfunefnd Landssambands DKG næstu tvö árin. Eydís Katla, Ásborg og Ingibjörg Þorgerður taka sæti í nefndinni og munu meðal annars sjá um útgáfu íslenska fréttabréfsins. Á fundinum sögðu Soffía Sveinsdóttir skólameistari FSu og Guðríður Egilsdóttir kennari og fagstjóri matvælagreina í FSu frá fjölbreyttum Erasmus verkefnum skólans. Þar var meðal annars fjallað

um ferðir til Västerås í Svíþjóð og Trapani á Sikiley þar sem kennarar lærðu um sjálfbærni, menningu og gleðina við að elda úr hráefnum heimabyggðar. Fundinum lauk með íslenskri veislu þar sem nemendur í matvæla- og ferðagreinum buðu systur velkomnar til borðs með rjúkandi kjötsúpu, heimabökuðu brauði og pönnukökum með sykri og rjóma.



Nemendur úr Grunnnámi matvæla- og ferðagreina FSu sáu um veitingar á fyrsta fundi haustsins

Leikur og líf í Óskalandi

Annar fundur haustsins fór fram 18. október í leikskólanum Óskalandi í Hveragerði þar sem leikurinn var í aðalhlutverki. Harpa Björnsdóttir flutti Orð til umhugsunar og talaði um mikilvægi leiksins sem námsleið og minnti á að leikurinn er ekki bara skemmtun, heldur uppspretta þroska, sköpunar og samveru.



Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri Óskalands tók svo við og sagði frá sögu leikskólanssem hefur vaxið og dafnað frá árinu 1980. Nokkrum sinnum hefur verið bætt við húsnæði leikskólans en ný viðbygging hans er hönnuð af Annu Leoniak arkitekt og er sönn prýði sem ber vott um nýsköpun og umhyggju fyrir börnum og starfsfólki.

Að loknum fundi héldu systur saman á veitingastaðinn HVER á Hótel Örk þar sem hlýleg morgunstund endaði á góðum hádegisverði og hlátri en máltækið; „Morgunstund gefur gull í mund“ var sérlega viðeigandi þennan fallega laugardagsmorgunn



Epsilonsystur í leikskólanum Óskalandi

Málþing Epsilondeildar - Lykill að líðan barna og unglunga

Málþing Epsilondeildar var haldið 30. október í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þar var fjallað um andlega heilsu barna og ungmenna undir yfirskriftinni Lykill að líðan barna og unglunga. Margrét Guðmundsdóttir setti málþingið og bauð forseta Íslands frú Höllu Tómasdóttur og aðra gesti velkomna. Sigrún Sigurðardóttir prófessor fjallaði um áföll og áfallamiðaða nálgun og undirstrikaði mikilvægi áfallamiðaðrar nálgunar. Hún minnti okkur á að áföll snerta okkur öll á einhvern hátt og að með því að nálgast þau af skilningi og mildi getum við byggt upp úrræði sem styðja við börn og fjölskyldur. Við fengum að heyra raddir ungmennanna sjálfra en þau vita best hvernig þeim líður, hvað þau þurfa og hvers þau óska sér. Hera Fönn Lárusdóttir nemandi í 9. bekk Grunnskólans í Hveragerði og Sigurður Ernir Eiðsson nemandi í Fjölbrautaskóla Suðurlands töluðu af hreinskilni og hugrekki um andlega líðan jafnaldra sinna og komu með hugmyndir að úrbótum. Ellert Geir Ingvason kynnti störf samfélagslögreglunnar á Suðurlandi sem starfar í þágu fólksins en það er starf sem byggir á trausti, samvinnu og nærveru í daglegu lífi ungmenna.



Forseti Íslands Halla Tómasdóttir minnti okkur á kraft kærleikans með hreyfingunni Riddarar kærleikans sem hvetur til kærleika, samkenndar og virðingar í samfélaginu og minnti okkur á að við getum öll lagt okkar af mörkum til að skapa öruggara og betra samfélag fyrir okkur öll og börnin okkar.

Í lok málþings voru pallborðsumræður þar sem

fyrirlesarar tóku við spurningum úr sal og fengu svo afhenta rauða rós sem er tákn Delta Kappa Gamma um vináttu, kærleika og virðingu.

Þegar þetta er ritað er fyrirhugaður jólafundur í uppsveitum Árnessýslu, en Epsilonsystur vilja nota tækifærið og senda öllum DKG systur nær og fjær hátíðarkveðjur og farsæld á nýju ári.

*Bestu jólakveðjur Margrét Guðmundsdóttir
Formaður Epsilondeildar*



Málþing Epsilondeildar





Zeta

Við hér á Austurlandi höfum byrjað haustið hægt og rólega. Höfum haldið einn fund sem var í lok október. Við hittumst í þetta skiptið á Egilsstöðum eða á Tehúsinu. Við höldum hefðbundinn fund. Unnur Óskarsdóttir kveikti á kertum fyrir einkunnarorðin þrjú: vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Ólafía Stefánsdóttir las markmið Delta Kappa Gamma. Síðan sagði Ólafía stuttlega frá fundi framkvæmdaráðs og Unnur minnti okkur á að vera duglegar að bjóða konum í heimsókn og fá fleiri félagskonur í hóp okkar.

Aðalmál fundarins var þó að ræða Kvennafrídaginn og rifja upp fyrsta kvennafríð þann 24. október 1975. Eða segja frá þeirri konu sem mótað hefur líf okkar og verið fyrirmynd. Það verður að segjast að fram komu margar skemmtilegar sögur frá deginum fyrir 50 árum, en nokkrar okkar voru þá að feta sín fyrstu spor í kennslunni. Einnig var áhrifaríkt að heyra frá konum hverjar þeirra fyrirmyndir í lífinu eru. Nokkrar nefndu mæður sínar og ömmur, enn aðrar nefndu samkennara sem þær hafa litið upp til.

Þetta var skemmtilegur fundur og áhrifaríkur. Við enduðum á að fá matarmikla súpu sem Tehúsið reiddi fram. Á fundinn fengum við einn gest sem langaði að kynna sér hvað Delta, Kappa, Gamma stendur fyrir. Næst ætlum við að hittast í

nóvemberlok eða byrjun desember sem verður þá síðasti fundur fyrir jól.

Þegar þetta er sett niður á blað er frábært tíðarfar á Austurlandi og þar sem ég er á Seyðisfirði sést sólin aðeins á fjallatoppunum en nú fara í hönd þeir mánuðir sem blessuð sólin sést ekki fyrr en um miðjan febrúar. Þá verður pönnukökupannan tekin fram og bakaðar sólarpönnukökur.

Mig langar að enda þessa haustkveðju með ljóði Vilborgar Dagbjartsdóttur sem var ein af rauðsokkum sem ruddu brautina fyrir okkur hinar í átt til jafnréttis.

Vetur

*Þegar slokknaði á morgunstjörnunni
varð máninn kyrr.*

*Sólin
Veifaði
skýjaslæðu
til hans
yfir fjallið
sem gleymdi að taka ofan nátthúfuna.*

*Fingerðan rósavef óf á rúðurnar
frostið.*

Ólafía Þ Stefánsdóttir



Eta

Hauststarfið hófst á því að haldinn var stjórnarfundur 1. september á heimili formanns. Ólöf og og Sigríður gerðu grein fyrir framkvæmdaráðsfundinum og höfðu við áhersluáætlunarinnar til hliðsjónar við skipulag vetrarstarfsins. Áhersla stjórnar var að efla konur í deildinni til að koma með hugmyndir um samfélagsverkefni.

Fyrsti fundur Eta deildar var haldinn 24. september kl. 17:30 á Nýja Garði í Háskóla Íslands. Alls mættu 16 félagskonur á fundinn.

Formaður setti fundinn og minntist látinnar félagskonu deildarinnar Bergþóru Gísladóttur.

Að því loknu kynntu Ólöf Helga og Sigríður Heiða Framkvæmdaáætlun DKG 2025-2027. Áætlunin byggir á fjórum áherslupáttum sem settir voru fram í langtímaáætlun DKG á Íslandi til 10 ára, 2021 – 2031. Útlistun á áherslupáttum í Framkvæmdaáætluninni er á heimasíðu DKG.is.

Sigríður Heiða sagði frá erindi Hólmfríðar Jennýjar Árnadóttur sem flutt var á fundi Framkvæmdaráðs 30.8.2025. Erindið er á heimasíðu DKG.

Næst á dagskrá var Skipulag á vetrarstarfi Eta deildar. Félagskonur völdu þema sem stjórn Eta hafði sett fram og skiptu sér í fjóra hópa. Hver hópur mun sjá um einn fund um veturinn. Mikil og lífleg umræða var

um fundarefni í hópunum og niðurstaðan var eftirfarandi:

Hópur 1 Sjálfrækt. Fyrirlesari Bryndís Jóna Jónsdóttir

Hópur 2 Samfélagslegt verkefni: Velja stofnun/félagasamtök sem Eta systur styðja með fjárframlagi. Þetta verður jólafundur og hópurinn ákveður hvaða aðili verður styrktur með andvirði kvöldverðar.

Hópur 3 Samfélagslegt verkefni: Stuðningur við „Jól í skókassa“ í samvinnu við íslenska-úkraínska prjónaklúbbinn í Fíladelfíukirkjunni.

Hópur 4 Sameiginlegur fundur með annarri deild: Farið í heimsókn á fund deildar utan höfuðborgarsvæðisins.

Á meðan félagskonur ræddu um fundarefni gæddu þær sér á gómsætum smáréttum.

Að lokum voru stuttar frásagnir félagskvenna um skemmtilega atburði sem þær höfðu upplifað síðastliðið sumar og var gerður góður rómur af frásögnunum.

Annar fundur Eta deildar haldinn 11. nóvember 2025 kl. 18:00 í Kringlukránni. Á fundinn mættu 14 félagskonur. Hópur 1 sá um fundinn en í honum eru Magnea, Björk, Bryndís G., Guðrún Hrefna og Ragnheiður



óna. Formaður, setti fundinn og kveikti á kertum.

Næst á dagskrá var inntaka tveggja nýrra félaga og inntökuathöfninni stýrðu stjórnarkonur. Þær Jónína Ólöf Emilsdóttir og Nanna Kristín Christiansen voru boðnar velkomnar í Eta deild.

Að lokinni inntökuathöfn tók Bryndís Guðmundsdóttir við stjórn fundarins.



Orð til umhugsunar flutti Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir en hún flutti mjög athyglisverða hugleiðingu um eignarhald eigenda samskiptamiðla á myndefni, texta og greinum sem við almenningur birtum á miðlunum. Hún hvatti okkur til að vera varkárar með efnið sem við deilum og um leið vera góðar fyrirmyndir fyrir börn og ungmenni.



Fyrirlesari kvöldsins var Bryndís Jóna Jónsdóttir, aðjúnt og doktorsnemi.

Fyrirlestur hennar bar heitið “Að rækta huga og hjarta”. Hún fjallaði á líflegan og skemmtilegan hátt um hamingju, góðvild, núvitund og samkennd í eigin garð. Hún lagði áherslu á að við byrjuðum á okkur sjálfum með því að styrkja ræturnar. Sláum af sjálfsgagnrýni, fyrirgefum okkur, verum þakklát, tileinkum okkur umburðarlyndi. Jafnframt sagði hún núvitund vera athyglisþjálfun sem felst í því að tengja við það sem er nú þegar til staðar í þeim aðstæðum sem einstaklingurinn er í. Með núvitund þjálfum við okkur í að tengja betur saman huga og líkama og vera meðvituð um upplifanir okkar.



Hún hvatti okkur til að taka æfingar í því að taka eftir því sem er að gerast hér og nú. Samkennd í eigin garð taldi hún mikilvæga og benti okkur á fimm leiðir sem gætu gagnast okkur í því sambandi. Auk þess fór hún yfir fimm leiðir til vellíðunar sem eru: ræktaðu samskipti, hreyfðu þig, taktu eftir, haltu



áfram að læra, gefðu af þér. Í lokin benti hún á athyglisverðar bækur s.s. nýja bók eftir Louise Evans sem heitir 5 CHAIRS – 5 CHOICES og Núvitund í dagsins önn eftir Bryndísi Jónu Jónsdóttur. Miklar umræður spunnust að vanda undir borðhaldi um málefnið og ljúft var að hafa Bryndísi Jónu formann Gamma deildar með okkur. Í lok fundar stjórnaði Bryndís fundarstjóri fjöldasöng.



Ólöf Helga Þór tók saman





Peta

Stjórn Peta deildar var með það að markmiði fyrir veturinn 2025-2026 að vekja athygli á og skoða fyrirtæki og stofnanir á Reykjanesi og vekja þannig athygli á því fjölbreytta atvinnulífi og atvinnutækifærum sem gefast á svæðinu.

Fyrsti fundurinn var haldinn þann 22. september í íslenska líftæknifyrirtækinu Algalíf í Reykjanesbæ. Fyrirtækið ræktar þörunga í lokuðu ræktunarkerfi með íslensku, hreinu vatni og 100% endurnýjanlegri jarðvarmaorku sem tryggir mjög hreina framleiðslu og lágmarks mengun. Fyrirtækið notar tækni og vísindarannsóknir til að tryggja gæði, stöðugleika og uppfylla strangar alþjóðlegar kröfur en það var Silja Dögg Gunnarsdóttir sem var með afar fræðandi og lifandi kynningu en hún sýndi einnig félagskonum hvar og hvernig framleiðslan fer fram. Fyrirtækið hefur vakið mikla athygli víðs vegar um heim og var mikil ánægja í hópnum með þessa heimsókn. Jurgita Milleierne sagði einnig stuttlega frá haustfundi sem hún fór á hjá landsamtökunum. Á þessum fyrsta fundi var Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri í Akurskóla í Reykjanesbæ með orð til umhugsunar.



Í lok fundar voru allar Peta konur leystar út með gjöf frá Algalíf. Þær fengu astaxanthin sem er talið eitt af öflugustu náttúrlegu andoxunarefnum til eru. Einnig á það að hafa jákvæð áhrif á sjón, húð og endurheimt ásamt því að hafa bólgueyðandi áhrif. Einnig bauð Algalíf upp á léttar veitingar.



Annar fundur haustsins var svo haldinn í fyrirtækinu Iceland eco business park (IEBP) en megin stefna þeirra er að leggja áherslu á sjálfbærni, hringráðsarhagkerfi og nýta auðlindir á sem skilvirkastan hátt. IEBP byggir á hugmyndafræði klasasamstarfa þar sem fyrirtæki koma saman á sama stað og nýta sameiginlegar auðlindir, orku, innviði og efni á umhverfisvænan hátt. Fanney Dóróthe sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar og Peta systir var með orð til umhugsunar og IEBP bauð upp á léttar veitingar. Heimsóknin var mjög áhugaverð og skemmtileg.



Jólafundurinn verður svo haldinn í Kaffi Golu í Suðurnesjabæ þann 27. nóvember en þar ætla Petasystur að eiga notalega stund saman, syngja jólalög undir undirspili og stjórn Geirþrúðar Fanneyjar tónlistarkennara og Petasystur og borða góðan mat.

Þar ætlar einnig Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir Petasystir að vera með orð til umhugsunar.

Megininntakið verður í takt við innlegg hennar á landsfundi haustsins þar sem hún fjallaði um þátttöku í DKG, virkni félagskvenna og algengar mýtur.

Ingibjörg Guðmundsdóttir stjórnarkona segir sögu jólakortanna og verður með óvænta uppákomu sem mun að öllum líkindum slá í gegn. Stjórn Petadeildar kemur til með að funda í byrjun janúar 2026 til að undirbúa vorönn deildarinnar en nú þegar hafa ýmsar hugmyndir verið ræddar og undirbúningur janúarfundarins er þegar hafinn.



Heiða Ingólfssdóttir formaður Petadeildar tók saman starfsemi haustsins.





Iota

Starfið fór vel af stað í Jótadeild þetta haust. Hófst það samkvæmt venju í byrjun október en þá komum við saman til fyrsta fundar okkar í Grunnskólanum á Ísafirði, í heimilisfræðistofu skólans. Við fengum til okkar góðan gest, hana Höllu Signýju Kristjánsdóttur, sem er verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Halla Signý hefur umsjón með verkefninu *Gefum íslensku séns*, sem varð til á Ísafirði fyrir nokkrum árum og margir kannast eflaust við. Halla Signý kynnti verkefnið og miklar umræður spunnust hjá konum í framhaldinu, um íslenskukennslu á öllum skólastigum og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag og fleira þessu tengt. Dagskrárliðirnir *Orð til umhugsunar* og *Kona kynnir sig* eru ávallt á dagskrá hjá okkur. Þetta kvöld fjallaði Hildur Halldórsdóttir Arnholtz um þakklæti undir liðnum *Orð til umhugsunar* og við fengum kynningu frá Eddu Björgu Kristmundsdóttur.

Í byrjun nóvember var fundur haldinn í Grunnskólanum í Bolungarvík. Hildur Halldórsdóttir Arnholtz kynnti meistaraverkefni sitt í stjórnun menntastofnana "*Fyrst og fremst vinnum við þetta saman*": *Aðstoðarskólameistarar ræða hlutverk sitt*. Hlíf Guðmundsdóttir var með *Orð til umhugsunar* og velti hún fyrir sér orðinu gleði og að lokum kynnti Steinunn Guðmundsdóttir sig.



Fundur 6. október í Grunnskólanum á Ísafirði. Halla Signý með kynningu – þar sem myndvarpinn brást okkur var brugðið á það ráð að setja fartölvuna ofan á stafla á diskum til að sýna glærur.



Fundur 4. nóvember í Grunnskóla Bolungarvíkur



Jótasystur koma úr öllum þéttbýliskjörnum á norðanverðum Vestfjörðum og skipuleggjum við fundi okkar með það að leiðarljósi að fara á milli staða. Við hittumst sex sinnum og svo er annað hvort aðalfundur eða dagsferð að vori. Hefð er fyrir því að konur skiptist á að elda léttan kvöldverð sem við snæðum saman, en af og til er gerð undantekning á því og keyptur matur og fer það eftir því hvar fundur er haldinn hverju sinni.

Næsti fundur hjá Jóta er jólafundurinn okkar. Þá munum við að venju gæða okkur á smurbrauði og fá til okkar rithöfund til að kynna nýja bók. Í janúar er svo bókafundur, sem líkt og í mörgum deildum er árviss viðburður.

Pernilla Rein formaður lotadeildar tók saman





Kappa

Það sem af er starfsári höfum við í Kappadeildinni haldið tvo fundi og þegar þessar línur eru skrifaðar, hlökkum við til jólafundar sem haldinn verður þann 10. desember, heima hjá Sigríði okkar Johnsen að Ásum í Mosfellsbæ.

Starfsárið hóst á haustfundi sem haldinn var 30. september að Fléttuvöllum 9, heima hjá Lindu formanni. Þar áttum við mjög notalega stund, fórum yfir áherslur vetrarins og skipuðum í nefndir. Einnig var sagt frá því helsta sem fram kom á fundi Framkvæmdaráðs, afar vel heppnuð vorferð Kappadeildar í Dalina var rifjuð upp auk þess sem sagt var frá ráðstefnu European Forum í Brighton sem tvær Kappakonur sóttu í sumar. Við enduðum á hugleiðingum um hvar við erum staddar í tilverunni þetta haustið, en fyrir fundinn höfðum við hver fyrir sig undirbúið örstutt orð til umhugsunar út frá orðunum „*Hvaðan er ég að koma og hvert er ég að fara?*“

2. fundur starfsársins var undirbúinn af þeim Björgu Jónu Birgisdóttur, Hildi Elínu Vignir, Solveigu Jakobsdóttur og Júlíönu Hilmisdóttur og haldinn heima hjá Hildi Elínu að Naustavör 2.



Hlustað á erindi um gervigreind

Aðalefni fundarins var fræðsluerindi um fjölbreytta möguleika gervigreindarinnar, flutt af Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, kennsluráðgjafa og aðjúnkt í upplýsingafræði á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Sigurbjörg er auk þess formaður Fjarska – samtaka um fjarnám og stafræna kennslu- (<http://fjarska.is/>) Erindið var afar skemmtilegt og gagnlegt og sköpuðust fjörugar umræður í kjölfarið.





Sólveig Jakobsdóttir sló svo allt annan tón með orðum til umhugsunar, þar sem hún talaði um það yfirsýnilega í tilverunni og kynnti okkur fyrir spáhefð tarotspilanna og því hversu mikilvægt er að hlusta á innsæið.

Framundan er eins og áður sagði dásamlegur jólafundur sem Sigríður Johnsen, ásamt Önnu Hugadóttur, Gunnlaugu Hartmannsdóttur og Soffíu Vagnsdóttur munu undirbúa af kostgæfni. Við í Kappadeildinni horfum bjartsýnar til starfsársins og hlökkum til komandi verkefna.

Linda Hrönn Helgadóttir formaður Kappadeildar tók saman



Sólveig Jakobsdóttir flytur Orð til umhugsunar



Lambda

Vetrarstarf Lambdadeildar fer vel af stað og haldnir hafa verið þrír fundir þegar þetta er skrifað. Í vor áttu konur skemmtilega samverustund saman áður en haldið var í sumarfrí. Gengið var saman um miðbæ Reykjavíkur í fylgd Birnu Halldórsdóttur sem fræddi okkur um stytur bæjarins en þær eru kennileiti og endurspeгла sögu þjóðarinnar. Þrátt fyrir blautt veður var létt yfir öllum og gangan endaði á Jómfrúnni þar sem konur nutu samveru og matar.

Fyrsti fundur vetrarins var skipulagsfundur sem haldinn var 25. ágúst á heimili Bjargar formanns. Fjórtán félagskonur mættu og tóku þátt í að móta skipulag vetrarstarfsins. samþykktar. Lögð verður áhersla á að fjölga konum í deildinn og huga að fjölbreytileika hvað varðar aldur, bakgrunn og reynslu. Samþykkt var að konur geti tekið með gest á alla fundi utan jóla- og aðalfund á þessu starfsári til að kynna starfið í deildinni og samtökunum. Mikill áhugi er fyrir því að auka samtarf við aðrar deildir og lögð verður áhersla á að heimsækja aðra deild og/eða skipuleggja fund saman á þessu starfsári.

Fjölmargar hugmyndir komu fram um inntak funda og þema starfsársins. Ákveðið var að beina sjónum að mikilvægi menntunar og fræðslu í samfélaginu með áherslu á breytingar og nýjungar. Einnig var rætt um að kynna vel samtökin og hvað felst í því að vera félagi í DKG

ásamt því að veita rými á fundum fyrir almennt spjall og gefa konum tækifæri til að kynnast enn betur.

Annar fundur var haldinn 23. september í Barnaskóla Kársness. Gerður Magnúsdóttir skólastjóri og Lambdakona tók á móti okkur, kynnti og sýndi okkur skólann. Barnaskóli Kársness er nýr skóli í Kópavogi sem hóf göngu sína í ágúst og er samrekin leik- og grunnskóli á yngsta stigi. Gert er ráð fyrir 400 börnum í skólanum, þar af 80 leikskólabörnum. Nemendur 1. - 4. bekkjar á Kársnesi hafa verið í Kársnesskóla við Vallargerði, síðan Kársnesskóli sem stóð við Skólagerði var rýmdur vegna rakaskemmda. Að sögn Gerðar ríkir mikil gleði hjá starfsfólki og nemendum að vera loks komin aftur til baka í nýtt húsnæði og fjölmörg tækifæri sem felast í að móta starfið á nýjum stað. Nýi skólinn er reistur úr timbureiningum, byggingin er Svansvottuð og einkar glæsileg að utan sem innan.





Í lok fundar sagði Björg frá helstu niðurstöðum fundar framkvæmdaráðs DKG sem hún sótti í september ásamt öðrum formönnum og nefndarkonum DKG á Íslandi. Í kjölfarið voru góðar umræður deildarstarfið, samvinna við aðrar deildir og þátttaka í starfi DKG.

Þriðji fundur vetrarins var áætlaður 29. október en honum var frestað um viku sökum ófærðar. Fundurinn var haldinn 5. nóvember á Leikskólanum Hlíðarbergi í Hafnarfirði hjá Sigríði Ólafsdóttur. Gestur fundarins var Guðríður Sigurðardóttir formaður Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar sem veitir menntunarstyrki til tekjulágra kvenna. Guðríður sagði frá áhrifamætti þess að styrkja ungar mæður til náms sem sést best þegar styrkþegar bæta líf sitt og menntunin valdeflir þær. Í lok kynningar svaraði Guðríður spurningum og í kjölfarið voru umræður um hvort og þá með hvaða hætti deildin gæti lagt málefninu lið. DKG á Íslandi veitti Sjóðnum styrk á 50 ára afmælisári samtakanna og við þökkum Guðríði kærlega fyrir að koma og kynna það mikilvæga starf sem Menntunarsjóðurinn stendur fyrir.

Fundinum lauk á örkyrningum tveggja kvenna sem er nýr dagskrárliður á fundum hjá Lambdadeild. Hugmyndin er fengin að láni frá öðrum deildum sem settu þennan dagskrárlið inn tímabundið í stað Orði til umhugsunar og miðar að því að styrkja enn frekar böndin milli kvenna í deildinni. Upphaflega áttu þrjár fyrstu konurnar í

stafrófsröð að segja stuttlega frá sjálfri sér en sökum forfalla voru þær Birna Sigurjónsdóttir og Björg Melsted með fyrstu kynningarnar. Við þökkum þeim fyrir skemmtilegt innlegg og hlökkum til að halda áfram að kynnst enn betur í vetur.

Fram undan er jólafundurinn sem haldinn verður í Listasafni Einarssonar. Margrét Tryggvadóttir rithöfundur er gestur fundarins og mun kynna barnabók sína: *Einar, Anna og safnið sem var bannað börnum*. Eftir samveru í safninu er stefnan tekin á aðventukvöldverð á veitingastaðnum ROK þar sem konur ætla að eigan notalega stund saman. Við sendum hátíðarkveðjur til allra DKG systra með ósk um gróskumikið starf á komandi ári.

Björg Melsted formaður Lambdadeildar tók saman





Mý

Fyrsti formlegi stjórnarfundur Mýdeildar fór fram á Lyst í lystigarðinum á Akureyri 3.október. Á þeim fundi var tekin ákvörðun um að þema vetrarins þetta árið yrði sjálfsrækt, vellíðan og farsæld. Markmiðið er að skapa rými þar sem félagskonur geta kynnst betur, styrkt tengslin og unnið saman að því að efla eigin líðan í starfi og daglegu lífi. Við munum leggja áherslu á að skoða hvað það er sem nærir okkur og hvaða leiðir er hægt að fara til að við getum farið vel með okkur sjálfar og einnig leiðir til að gera fundina bæði nærandi og notalega.

Vetrarstarfið átti að hefjast með haustferð, en vegna ýmissa ástæðna urðum við að aflýsa henni, þannig að fyrsti fundur vetrarins fór fram í safnaðarheimili Glerárkirkju þriðjudaginn 28. október.

Á þennan fyrsta fund mættu 16 konur og hófst dagskráin á því að ein nefndarkona, Margrét Árnadóttir kveikti á kertunum. Að því loknu bauð Magnea formaður deildarinnar félagskonur velkomnar og fór síðan yfir fundaskipulag vetrarins og aðrar tilkynningar. Að því loknu sagði Ingileif Ástvaldsdóttir frá fundi framkvæmdastjórnar sem fór fram í Reykjavík í byrjun september. Það sem vakti athygli okkar og hrifningu var góð áætlun, eða umræða um að fjölga í samtökunum um 100 konur næstu 5 árin.

Einnig fór Ingileif yfir tillögur um umbætur á heimasíðunni okkar.

Eftir ljúffengan mat, var farið í hópeflisleik með það markmið í huga að skapa tækifæri til að félagskonur kynnist betur. Hópeflisleikurinn heitir nefndu þrennt og áttu félagsskonur í litlum hópum að draga spjöld með spurningum sem þær þurftu að svara persónulega um ýmislegt varðandi daglegt líf, tómstundir, persónueinkenni, áhugamál o.fl.

Aðalerindi kvöldsins var frá Sjálfsræktinni. Guðrún Arngrímsdóttir kynnti starfsemi hennar og sagði okkur að markmiðið með starfseminni væri að rækta líkama og sál, núvitund og meðvitaða hreyfingu.

Sjálfsræktin býður upp á alhliða þjónustu í sjálfsrækt fyrir alla, jafnt vana sem óvana. Lykilorð Sjálfsræktar er hugur, líkami og heilbrigði. Hún ræddi við okkur um sjálfsmyndhyggju, að sýna okkur sjálfum mildi og umhyggju eins og við myndum sýna öðrum. Einnig sagði hún að sjálfsmyndhyggja hjálpar okkur að standa með okkur sjálfum. Hún hvatti okkur til að gefa okkur rými, setja okkur mörk, vera í núvitundinni og vera meðvituð um líðan okkar og hlusta á þarfir okkar.

Eftir ljúfa kvöldstund fór formaður með lokaorð þar sem hann vitnaði í falleg og hvetjandi orð frá krabbameinsveikri konu, en hún ráðlagði öllum að hafa góða lyst á lífinu .



Tvær DKG deildir eru starfandi á Akureyri, Mýdeild og Betadeild. Tvær konur úr hvorri deild þær Katrín Fjóra Guðmundsdóttir, Jónína Garðarsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Vaka Óttarsdóttir skipulögðu dagskrá í tilefni 50 ára afmælis Delta, Kappa Gamma samtakanna. Fögnuðurinn fór fram 8. nóvember í Lionssalnum Skipagötu 14.

Eftirfarandi erindi voru á fundinum:

- Ingileif Ástvaldsdóttir með erindið „Þarftu ekki að æfa þig“?
- Aníta Jónsdóttir með erindið; Að sigrast á, ná lengra og eflast”
- Ingibjörg Magnúsdóttir; Móttaka og stuðningur við flóttabörn og fjölskyldur þeirra í skólakerfinu/samfélagi okkar “

Góð mæting var á fögnuðinn og erindin voru fróðleg og skemmtileg, Einnig voru góðar veitingar í boði.

Þetta var frábært tækifæri til að hitta aðrar konur sem starfa í fræðslumálum og líka nærandi stund fyrir sálina.

Næsti fundur Mýdeildar verður haldinn 27. nóvember en það verður jólafundurinn okkar. Við hlökkum mikið til, dagskráin er nánast komin, en stefnt er að því að eiga huggulega samveru og

ljúfa kvöldstund saman, þar sem jólaandinn mun svífa yfir.

Kær kveðja með ósk um gleðilega aðventu og munum að fara vel með okkur, hlusta á þarfir okkar og sýna okkur sjálfum mildi og umhyggju.


Magnea Kristín Helgadóttir formaður Mýdeildar tók saman





Ný

NUdeild hefur haldið einn deildarfund haustið 2025 auk þess að standa fyrir opnum fyrirlestri fyrir konur á svæðinu í tilefni 50 ára afmælis landsambandsins. Deildafundurinn var haldinn þriðjudaginn 28. október síðastliðinn. Að þessu sinni var fundurinn haldinn að heimili formanns sem ákvað að hafa smávegis Hrekkjuvökublæ yfir fundinum í ljósi tímasetningar hans. Orð til umhugsunar voru því um Hrekkjavöku, borinn var fram skrímslafótur í kvöldverð auk þess sem fundarborð var skreytt í anda hátíðarinnar. Helstu mál á dagskrá fundarins voru annars vegar að ræða skipulag starfsársins og taka umræður um það hvenær væri best að funda til að auka mætingu og hvað við gætum gert til að auka þátttöku systra í starfinu. Niðurstaðan var sú að halda fjóra deildafundi þetta starfsárið og hafa þá sitthvern vikudaginn. Einnig verður stefnt á að fá heimsóknir/erindi inn á fundi til að sjá hvort það ýti við systur að mæta en NUdeild hefur verið að glíma við það undanfarin misseri að mæting á fundi hefur verið dræm. Hins vegar var rætt og tekin ákvörðun um að halda opinn fyrirlestur í streymi fyrir konur á Norðurlandi vestra í tilefni af því að landssambandið fagnar 50 ára afmæli á árinu og um leið var þetta tilraun til að auka sýnileika DKG á svæðinu.



Myndir af fyrsta fundi




Sautjándi nóvember var svo haldinn opinn fyrirlestur í beinu streymi. Fyrirlestrinum var streymt bæði í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga. Fyrirlesturinn var auglýstur í bæjarblöðum á svæðinu og á samfélagsmiðlum og vonast eftir að það myndi auka sýnileika okkar í samfélaginu og um leið vitneskju fólks um að DKG væri starfandi á Norðurlandi vestra. Við buðum konum á svæðinu upp á fyrirlestur með Önnu Steinsen í KVAN um þrautseigju og hvernig við getum eflt hana hjá sjálfum okkur og ungu kynslóðinni. Vel tókst til við viðburðinn á báðum stöðum en auðvitað hefði verið skemmtilegra að sjá fleiri gesti mæta.



Næst á dagskrá verður svo jólafundur NUsystra sem haldinn verður í Safnaðarheimilinu á Blönduósi fimmtudaginn 4. desember næst komandi. Undirbúningur fundarins fer nú á fullt þegar opna fyrirlestrinum er lokið. Vonumst við til að veðrið leiki við okkur þennan dag svo við getum fjölmennt á Blönduós og átt saman notalega jólastund á aðventunni.

Guðbjörg Einarsdóttir formaður Nýdeildar tók saman





50 ára afmæli Delta Kappa Gamma á Íslandi Sameiginlegur viðburður á Akureyri

Í tilefni þess að Delta Kappa Gamma samtökin á Íslandi fagna 50 ára afmæli á þessu ári, tóku Beta- og Mýdeild höndum saman og stóðu fyrir sameiginlegum viðburði á Akureyri. Undirbúningur hófst að frumkvæði formanna deildanna, og var ákveðið að tvær konur úr hvorri deild myndu leiða skipulagningu. Samstarfið gekk afar vel og endurspeglar þann góða félagsanda sem einkennir samtökin.

Undirbúningshópurinn fundaði nokkrum sinnum og sendi út boð til félagskvenna um þátttöku í dagskrá. Viðbrögðin voru frábær: þrjár konur buðu sig fram til að halda erindi og þær Ásdís Arnardóttir og Petrea Óskarsdóttir tóku að sér að sjá um tónlistaratriði. Auk þess var skipuð veitinganefnd, fundinn ritari og ljósmyndari. Þetta sýnir þann styrk og vilja til samvinnu sem hefur einkennt félagið í gegnum árin.

Dagskráin var metnaðarfull og fjölbreytt:

Erindi:

- Ingileif Ástvaldsdóttir: „*Þarftu ekki að æfa þig?*“ – *Kíkt í dagbók heimilisfræðikennara*
- Aníta Jónsdóttir: *Að sigrast á, ná lengra og eflast*
- Ingibjörg Magnúsdóttir: *Móttaka og stuðningur við flóttabörn og fjölskyldur þeirra í skólakerfið-/samfélagið okkar*

Viðburðurinn tókst afar vel og einkenndist af samvinnu, samhug og áhuga á að skapa innihaldsríkan og hátíðlegan dag í tilefni merkisafmælis. Það er gaman að segja frá því að Hrund Logadóttir landssambandsforseti heiðraði okkur með komu sinni.

Sigríður Magnúsdóttir, Betadeild tók saman



Fyrirlesarar



Tónlistaratriði



Frá námsstyrkjanefnd Delta Kappa Gamma 2025–2027

Eitt af markmiðum Delta Kappa Gamma er að veita konum sem skara fram úr í menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.

Íslenski námsstyrkjasjóðurinn heyrir beint undir landssambandið. Styrkir eru veittir úr honum annað hvert ár, sama vor og landssambandsþing er haldið. Næsti umsóknarfrestur er því 1. mars 2027. Styrkir eru afhentir formlega á landssambandsþingi.

Styrkþegar þurfa að hafa verið starfandi í samtökunum í þrjú ár.

Meðal verkefna sem styrkt hafa verið:

- vinna við lok meistaraprófs
- doktorsverkefni
- kynning og/eða útgáfa á afurð meistara-, doktorsprófs
- vinna við að koma þekkingu og færni á framfæri að loknu námi út í fræðasamfélagið

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni: <https://www.dkg.is/is/styrkir/namsstyrkjasjodur> Eins er hægt að sækja um erlenda styrki en skilafrestur á „Scholarship Application“ er í febrúar ár hvert, næst 1. febrúar 2026.

Fyrirspurnir má senda til námsstyrkjanefndar. Hún samanstendur af eftirfarandi félagskonum:

AlmaDís Kristinsdóttir, formaður, Lambda deild,

netfang: almadis.kristinsdottir@gmail.com sími: 692 5869

Dóróþea Reimarsdóttir, Mý deild, netfang: dorotea@simnet.is

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, Kappa deild, netfang: inggu1909@gmail.com





Markmið samtakanna eru:

- **Að** efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- **Að** heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- **Að** efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- **Að** stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- **Að** veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- **Að** efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- **Að** fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.



Stefnuyfirlýsing Delta

Kappa Gamma:

Alþjóðasamtökin Delta

*Kappa Gamma stuðla
að auknum fræðilegum
og persónulegum þroska
kvenna í fræðslustörfum
og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum.*



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS